

**Prófnefnd löggiltra endurskoðenda  
Próf til löggildingar í endurskoðunarstörfum  
Próf í endurskoðun og reikningsskilum – fyrri hluti  
10. október 2022  
kl. 9:00 – 16:00**

***Ábendingar:***

*Áætlaður tími við úrlausn hvers verkefnis svarar til vægis þess í heildareinkunn. Það er skynsamlegt að nýta próftímann með hliðsjón af vægi verkefna.*

*Vinsamlega notið word- og excel-skjöl sem fylgja fyrir lausnir verkefna, eftir því sem við á.*

*Merkið allar lausnir með prófnúmeri og einungis með prófnúmeri. Ef úrlausn er merkt með nafni prófmanns telst hún ógild og prófmaður fallinn.*

*Ætlast er til að vísað sé til staðla, laga og annarra heimilda eftir því sem tilefni er til hverju sinni. Ekki er nægilegt að vísa til einstakra staðla í heild sinni, heldur er ætlast til að vísað sé til einstakra greina eftir því sem við á.*

*Prófmenn hafa á heimasvæði prófsins aðgang að alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum, alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, lögum, reglugerðum og reglum, sem gæti reynt á í prófinu. Óheimilt er að sækja eða nota önnur rafræn gögn en þau sem eru á heimasvæði prófsins.*

*Prófmenn eru beðnir um að skila í prófmöppu að prófinu loknu rafrænni úrlausn. Prófmenn bera ábyrgð á vistun úrlausna.*

## **Verkefni 1 – 40 mín.**

Þú ert einn af eigendum endurskoðunarfyrirtækisins GoAudit. Undanfarin misseri hafa nokkrir eigendur fyrirtækisins hætt hjá því, vegna aldurs eða til að skipta um starfsvettvang. Nokkrir stórir viðskiptavinir þessara fyrrum eigenda GoAudit hafa hætt viðskiptum við fyrirtækið og eru eigendur nú að leita leiða til að auka viðskiptin.

Einn eigendanna hefur aðallega sinnt innri endurskoðun og telur að GoAudit getið stóraukið markaðshlutdeild sína í innri endurskoðun. GoAudit hefur stóra markaðshlutdeild í endurskoðun fjármálafyrirtækja, svo sem banka, váttryggingafélaga, verðbréfafyrirtækja og lífeyrissjóða. Sum þessara fjármálafyrirtækja reka sjálf innri endurskoðunardeildir, önnur ekki. Eigandinn telur að jafnvel þó að þessi fyrirtæki reki sjálfstæðar innri endurskoðunardeildir, þá séu samt sem áður tækifæri í að koma inn í einstaka úttektir og nýta m.a. aðferðafræði og gervigreindartól sem GoAudit hefur þróað. Eigandinn er viss um að GoAudit standi frammar öllum hinum endurskoðunarfyrirtækjunum á þessu sviði.

Eigandinn leitar til þín og biður þig um aðstoð við að móta tillögur um það hvernig fyrirtækið geti boðið þjónustu á sviði innri endurskoðunar, aðstoð við áhættustýringu, sviksemisrannsóknir og góða stjórnarhætti til ofangreindra fjármálafyrirtækja, sem sum eru með skráð verðbréf og/eða skilgreind sem einingar tengdar almannahagsmunum en önnur ekki. Einnig telur hann rétt að bjóða öðrum viðskiptavinum í endurskoðun en fjármálafyrirtækjum þessa þjónustu. „Þetta er auðveld leið til nýta góð tengsl við þessa tryggu viðskiptavini öllum til hagsbóta“, segir hann.

### **Úrlausnarefni:**

**Hvernig líst þér á hugmynd eigandans? Er eitthvað í lögum, reglum eða stöðlum sem ber að varast áður GoAudit fer af stað í þessa verkefnasókn?**

*Rökstyddu svarið með tilvísun í lög, reglur, staðla eða önnur gögn eftir því sem þú telur ástæðu til.*

### **Svarið í word-svarskjali**

## Verkefni 2 – 50 mín.

Þú hefur nýlega tekið sæti í endurskoðunarnefnd lífeyrissjóðs. Fyrsta verkefni nefndarinnar er að kanna hvort þjóða eigi út endurskoðun sjóðsins. Gerður var fimm ára samningur við núverandi endurskoðanda og var síðasta ár samningsins endurskoðun ársreiknings 2021.

Í lögum um skyldutryggingu lífeyrissréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997, kemur m.a. eftirfarandi fram:

- Að endurskoðun skuli framkvæmd af löggiltum endurskoðanda.
- Að um endurskoðun gildi ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á.
- Að Fjármálaeftirlitið skuli sjá til þess, í samráði við Félag löggiltra endurskoðenda og aðra hlutaðeigandi aðila, að á hverjum tíma liggi fyrir skilgreining á góðri endurskoðunarvenju hjá lífeyrissjóðum.

Í reglum nr. 685/2001 um endurskoðun lífeyrissjóða kemur m.a. eftirfarandi fram:

- Endurskoðun ársreiknings lífeyrissjóðs skal framkvæmd í samræmi við góða endurskoðunarvenju.

Í lögum og reglum um lífeyrissjóði koma ekki fram ákvæði um starfstíma endurskoðanda.

Tryggingafræðingar lífeyrissjóða gegna mikilvægu hlutverki í lífeyrissjóðum og skal stjórn lífeyrissjóðs láta fara fram tryggingafræðilega athugun á fjárhag sjóðsins og skal athugunin vera framkvæmd af tryggingafræðingi sem hefur hlotið viðurkenningu Fjármálaeftirlitsins. Yfirlit um tryggingafræðilega stöðu er hluti ársreiknings. Stjórn sjóðsins og endurskoðunarnefnd hafa undanfarin ár rætt mikið við innri og ytri endurskoðendur sjóðsins um hvort æskilegt væri að tryggingastærðfræðingur yrði hluti endurskoðunarteymis m.a. til að yfirfara mikilvæga útreikninga tryggingafræðings sjóðsins. Þetta hefur verið rætt í nokkur ár og þá sérstaklega þegar upp kom skekkja í útreikningi á tryggingafræðilegri stöðu sjóðsins fyrir nokkrum árum. Umræðan hefur komið upp aftur núna í tengslum við nýjar reikniaðferðir sem staðfestar voru af fjármála- og efnahagsráðuneytinu um síðustu áramót en nú ber öllum sjóðum að reikna skuldbindingar sínar með nýrri aðferð, meðal annars til að bregðast við hækkandi lífaldri þjóðarinnar.

### Úrlausnarefni:

**Formaður endurskoðunarnefndar biður þig um að undirbúa nokkur mál fyrir nefndina þannig að auðveldara verði fyrir hana að taka ákvarðanir um nokkur mikilvæg mál sem liggja fyrir. Hann vill gjarnan fá minnisblað þar sem eftirfarandi kæmi fram:**

- A. Í lögum og reglum er vísað í góða endurskoðunarvenju. Hvað er átt við með því og hvernig gæti það snert lífeyrissjóðinn?**
- B. Hvaða reglur gilda um starfstíma endurskoðenda hjá lífeyrissjóðum? Getur núverandi endurskoðandi haldið áfram að vinna fyrir sjóðinn og þá hversu lengi?**

- C. Ef endurskoðunarnefnd gerir tillögu um að skipta um endurskoðendur og t.a.m. bjóða endurskoðunina út, hvernig yrði það ferli og hvaða upplýsingar þyrfti sjóðurinn hugsanlega að senda frá sér í tengslum við útboð á endurskoðunarþjónustu?
- D. Væri æskilegt að skilyrða það í útboðsgögnum um endurskoðunarþjónustu að tryggingastærðfræðingur yrði hluti af endurskoðunarteyminu eða væri það óþarfi?
- E. Hvaða aðrar leiðir gætu hentað fyrir sjóðinn til að styrkja innra eftirlit með vinnu tryggingafræðings, réttmæti útreikninga á tryggingafræðilegri stöðu og skuldbindingum hans?

Við úrlausn verkefnisins er ekki gert ráð fyrir sérþekkingu prófmanna á lögum og reglum lífeyrissjóða. Prófmenn skulu vísa til almennra laga, reglna og staðla sem gilda um endurskoðun og reikningsskil.

*Rökstyddu svarið með tilvísun í lög, reglur, staðla eða önnur gögn eftir því sem þú telur ástæðu til.*

**Svarið í word-svarskjali**

### Verkefni 3 – 80 mín.

Prómíl hf. (Prómíl) er innflytjandi og heildsali á léttvínnum, sterku áfengi og bruggtækjum. Á árinu 2019 hóf Prómíl vefsölu beint til viðskiptavina og ákváðu eigendur Prómíl að færa út kvíarnar og keypti félagið 70% hlutafjár í míkrobrugghúsinu Stælabjór ehf. (Stælabjór). Fyrir viðskiptin átti Prómíl 30% hlut í Stælabjór sem færður var með hlutdeildaraðferð, og eftir viðskiptin átti Prómíl því 100% hlutafjár í Stælabjór. Bókfært verð eldri eignarhlutar Prómíl (30%) í Stælabjór var 50 milljónir við yfirtökuna.

Kaupverðið var greitt 1. janúar 2021 sem var skilgreindur yfirtökudagur, og var kaupverðið á 70% hlutnum alls 175 milljónir, greitt með peningum 75 milljónir annars vegar, og með hlutabréfum í Prómíl að gangvirði 100 milljónir hins vegar. Bókfært verð eigin fjár Stælabjórs á yfirtökudegi var 150 milljónir.

Á meðal eigna Stælabjórs er fasteign sem flokkuð er með varanlegum rekstrarfjármunum, og er gangvirði fasteignarinnar á yfirtökudegi 25 milljónum hærra en bókfært verð hennar. Þá eru vörumerki Stælabjórs sem ekki höfðu verið eignfærð metin á 25 milljónir við yfirtökuna. Að öðru leyti er enginn munur á bókfærðu verði og gangvirði eigna og skulda Stælabjórs á yfirtökudegi. Nýtingartími fasteignarinnar hefur verið ákvarðaður 50 ár, og vörumerkin eru afskrifuð á 10 árum.

Á árinu 2021 seldi Prómíl bruggtæki til Stælabjórs og var söluverð tækjanna 20 milljónir, en kostnaðarverð 15 milljónir. Stælabjór hafði greitt allt kaupverðið á reikningsskiladegi 31.12.2021. Þá seldi Stælabjór bjór til Prómíl að söluverði 10 milljónir og kostnaðarverði 5 milljónir, og voru 4 milljónir enn í birgðum Prómíl á reikningsskiladegi 31.12.2021. Á reikningsskiladegi 31.12.2021 voru 3 milljónir af framangreindum kaupum Prómíls á bjór ógreidd.

Á aðalfundi Stælabjórs sem haldinn var í mars 2022 var staðfest arðgreiðsla til eigenda að fjárhæð 20 milljónir vegna ársins 2021.

Prómíl gerir ársreikning og samstæðuársreikning sinn í samræmi við lög um ársreikninga.

Ársreikningur Prómíls fyrir árið 2021 er í fylgiskjali 1 og ársreikningur Stælabjórs fyrir árið 2021 er í fylgiskjali 2.

Mjödúr Magnússon fjármálastjóri Prómíl hefur hvorki reynslu af því að færa yfirtökur í reikningsskil, né heldur af gerð samstæðureikningsskila. Hann biður þig því um aðstoð við neðangreind atriði, og óskar eftir því að þú takir tillit til áhrifa tekjuskatts. Mjödúr er nákvæmur maður og óskar eftir því þú vísir í viðeigandi greinar ársreikningalaga.

### Úrlausnarefni:

- A. Sýnið þær færslur sem Prómíl færir í reikningsskil sín á yfirtökudegi (aðgreind reikningsskil móðurfélags). (10 mín.)**

- B. Leiðið út viðskiptavild (jákvæða eða neikvæða) sem myndast í viðskiptunum. (15 mín.)**
- C. Sýnið færslur í reikningsskilum móðurfélagsins Prómíl vegna fjárfestingar í Stælabjór þann 31.12.2021. (15 mín.)**
- D. Útbúið rekstrar- og efnahagsreikning fyrir samstæðu Prómíl 31.12.2021. (40 mín.)**

*Rökstyddu svarið með tilvísun í lög, reglur, staðla eða önnur gögn eftir því sem þú telur ástæðu til.*

**Svarið í excel-svarskjali:**

## **Verkefni 4 – 40 mín.**

Vilhelmina Viktorsdóttir, stundum kölluð Villa vegan, er fjármálastjóri Grænkerar hf. (Grænkerar) sem sérhæfir sig í hönnun og smíði á hverskonar tækjum, róbótum og búnaði til ræktunar, uppskeru, vinnslu og þökkunar á grænmeti, ávöxtum og kryddjurtum. Í mörgum tilfellum eru lausnir sérsniðnar að þörfum viðskiptavina. Samstæða Grænkerar hefur vaxið töluvert síðustu árin einkum í gegnum yfirtökur á félögum. Í ársbyrjun 2021 keypti þýska félagið Sauerkraut GmbH (Sauerkraut) 90% í Grænkerum, og eiga Villa og aðrir lykilstjórnendur 10% hlut. Sauerkraut er leiðandi aðili í Evrópu í þróun sjálfvirknilausna í landbúnaði og sjá eigendur þess mikla samlegðamöguleika með sameiningunni. Bæði Grænkerar og Sauerkraut semja reikningsskil í samræmi við IFRS

Félagið tók á árinu 2021 lán með breytilegum vöxtum til að fjármagna aukin umsvif í rekstrinum, og þarf félagið að uppfylla ákveðna fjárhagslega mælikvarða samkvæmt skilmálum lánanna. Grænkerar opnuðu á árinu 2019 söluskrifstofur í Kaupmannahöfn og London og hefur það skilað sér í mikilli söluaukningu, og eru sölutekjur utan Íslands orðnar yfir 60% af heildarveltu árið 2021. Þá hefur borið á því að erfitt hafi verið að nálgast aðföng og þau hafa hækkað í verði í Covid faraldrinum.

Vöruþróun skiptir Grænkerar miklu máli og hafa verið gerðir kaupréttasamningar við lykilstarfsmenn, þar sem mikil samkeppni er á vinnumarkaði um færa verk- og vélfræðinga. Eftir yfirtöku Sauerkraut kom upp ágreiningur milli móðurfélagsins og annars eiganda sem í kjölfarið seldi hlut sinn. Grænkerar keyptu hlut hans og ætla að nýta eigin hlutina til uppgjors á kaupréttunum.

Hér að neðan ber að líta skýrslu stjórnar sem skilað var með ársreikningi 2021, en einhverra hluta vegna hafnaði ársreikningaskrá ársreikningnum vegna ófullnægjandi upplýsinga í skýrslu stjórnar. Villa er steinhissa á þessu, enda hefur hún verið stjórn og framkvæmdastjóra innan handar við uppsetningu á skýrslu stjórnar. Hún leitar því til þín, og óskar eftir minnisblaði þar sem fram kemur greining á þeim atriðum sem ársreikningaskrá gæti saknað úr skýrslunni. Villa er upptekin kona og vill að allar ábendingar séu vel rökstuddar með vísan í viðeigandi lagagreinar og upplýsingar úr meðfylgjandi rekstrar- og efnahagsreikningi (fylgiskjal 3) og aðrar upplýsingar sem fram koma hér að ofan.

### **Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra**

Ársreikningur Grænkerar hf. fyrir árið 2021 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Starfsemi félagsins er framleiðsla og viðhald annarra véla til nota í landbúnaði og skógrækt.

Rekstartekjur ársins námu 6.509 milljónum króna (2020: 5.863 milljónir). Hagnaður félagsins á árinu nam 64,7 milljónum króna (2020: hagnaður að fjárhæð 171,6 milljónir). Eigið fé félagsins nam 900 milljónum króna í árslok (árslok 2020: 914 milljónir). Í árslok var eiginfjárlutfall félagsins 19% (árslok 2020: 26%).

Meðalfjöldi starfsmanna félagsins á árinu umreiknaður í heilsársstörf (ársverk) var 285 (2020: 246).

Í lok ársins voru hluthafar alls 6 talsins, og fer móðurfélagið Sauerkraut GmbH með 90% atkvæðahlutdeildar og aðrir minna.

Sauerkraut GmbH	90%
Vilhelmína Viktorsdóttir	2%
Díana Vilbergsdóttir	2%
Páll Guðmundsson	2%
Annika Sörenstam	2%
John Daly	2%
Samtals	100%

Stjórn félagsins mun leggja til fjárhæð arðgreiðslu á aðalfundi, en vísar að öðru leyti til ársreiknings varðandi breytingar á eigin fé og ráðstöfun hagnaðar.

Stjórn og framkvæmdastjóri Grækera hf. samþykkja hér með ársreikning félagsins með undirritun sinni.

Reykjavík 15. maí 2022

Í stjórn

#### Úrlausnarefni:

**Óskað er eftir því að þú útbúir minnisblað þar sem fram kemur greining á þeim atriðum sem ársreikningaskrá gæti saknað úr framangreindri skýrslu stjórnar. Allar ábendingar eiga að vera vel rökstuddar með vísan í viðeigandi lagagreinar og upplýsingar úr meðfylgjandi rekstrar- og efnahagsreikningi (fylgiskjal 3) og aðrar upplýsingar sem fram koma hér á undan.**

*Rökstyddu svarið með tilvísun í lög, reglur, staðla eða önnur gögn eftir því sem þú telur ástæðu til.*

**Svarið í word-svarskjali**



## Verkefni 5 – 110 mín.

Þér hefur verið falin verkefnastjórn á nýju endurskoðunarverkefni. Um er að ræða félagasamtökin Help sem sinna hjálparstarfi á Íslandi. Help er aðili að alþjóðlegum samtökum og þarf að uppfylla ýmis skilyrði fyrir aðild. Eitt af skilyrðunum er endurskoðaður ársreikningur. Samtökin eru skráð sem almannaheillafélag með starfsemi yfir landamæri. Félagið hefur verið endurskoðað í 20 ár af HLP endurskoðun sem einnig hefur sinnt bókhaldi félagsins. Eftirfarandi upplýsingar liggja fyrir:

### Bókhald og skýrslugjöf

- Bókhald Help er nokkuð umfangsmikið og flókið þar sem alþjóðasamtökin gera miklar kröfur til þess og eru með samræmdan alþjóðlegan bókhaldslykil.
- Margar víddir eru notaðar í bókhaldinu, meðal annars deildir, undirdeildir og verkefni. Félagið rekur deildir um allt land sem allar sinna hjálparstarfi með það að markmiði að afla fjár til góðgerðarmála.
- Deildirnar eru fjárhagslega sjálfstæðar og skila mánaðarlegu uppgjöri til aðalskrifstofunnar í Reykjavík.
- Aðalskrifstofan skilar á þriggja mánaða fresti fjárhagsskýrslum til alþjóðlegu samtakanna.
- Deildirnar merkja bókhaldslyklana á fylgiskjölin. Aðalskrifstofan yfirfer uppgjörið og kemur því til HLP endurskoðunar. Eitthvað hefur borið á því að tekju- og kostnaðarliðir séu bókaðir á mismunandi hátt á milli deilda, HLP segist færa eftir því hvernig þetta sé lyklað af deildum.
- Samtökin nota Business Central fjárhagskerfið og samþykktarkerfi sem er innbyggt í Business Central. Leitast er við að hafa tvo samþykkjendur ef það er hægt.
- Greiðsla reikninga fer fram hjá einstökum deildum og aðalskrifstofu. Í deildunum reyna starfsmenn og sjálfboðaliðar að nota sem mest kreditkort upp á rekjanleika.
- Samtökin nota einnig ýmis önnur vefkerfi, t.d. til að halda utan um þátttöku og greiðslu á námskeiðum og fleiri viðburðum á vegum samtakanna.

### Tekjur samtakanna

Verulegir fjármunir fara í gegnum bankareikninga samtakanna og er uppruni tekna ýmist styrkir, söfnunartekjur eða aðrar tekjur.

- Samtökin fá styrki frá ríki og sveitarfélögum sem berast oftast árlega en þó er ekki hægt að reikna með því. Sumir styrkjanna eru eyrnamerkir ákveðnum verkefnum.
- Samtökin hafa ráðið í verktöku sölumenn sem hringja út í nafni samtakanna og safna peningum til einstakra verkefna. Sölumenn fá sölubókun sem nemur 50% af þeirri fjárhæð sem safnast. Undanfarið hefur söfnunarfé verið varið í ýmis konar velferðarstarf, m.a. í föt og mat fyrir flóttafólk, þá hafa verið safnanir vegna stríðsins í Úkraínu og einstakar safnanir vegna verkefna alþjóðlegu samtakanna í Afríku.
- Samtökin reka nytjamarkaði um allt land sem fyrst og fremst selja notaðan fatnað og ýmis konar vörur en einnig nýjar og spennandi vörur sem samtökin panta í gegnum netið, einkum frá Aliexpress. Þessir markaðir nota SalesCloud kassakerfið.

- Samtökin reka einnig kaffihús og matstofur í helstu byggðakjörnum en þar geta allir keypt veitingar til styrktar velferðarstarfi og skjólstæðingar geta einnig mætt þar og fengið ókeypiss máltíðir.

### Aðrar upplýsingar

- Hjá samtökunum starfa að jafnaði um 30 starfsmenn. Sjálfbóðaliðar sem starfa hjá samtökunum án launa eru jafnaði um 100. Engar breytingar urðu á fjölda launþega á milli áráanna 2020 og 2021 og óverulegar breytingar á fjölda sjálfbóðaliða.
- Fjöldi verktaka starfar fyrir samtökin. Í einhverjum tilvikum er horft á verktöku sem styrk til jaðarsettra sem þannig fá tækifæri til að sinna verkefnum fyrir samtökin gegn greiðslu. Í undantekningartilfellum fara þessar greiðslur fram með peningum enda eiga ekki allir bankareikning, t.d. flóttamenn sem eru nýkomnir til landsins án skilríkja og geta ekki stofnað bankareikning á Íslandi.
- Á aðalfundi í maí 2022 var kosin ný stjórn hjá Help og öllum stjórnarmönnum skipt út. Mánuðina þar á undan hafði verið mikill ágreiningur í stjórn og nefndum um starfsemi samtakanna, meðal annars um hversu hátt eigið fé samtakanna ætti að vera og hversu stórt hlutfall af söfnunarfé eigi að greiða út til skjólstæðinga. Ársreikningur samtakanna vegna 2021 var ekki tilbúinn fyrir aðalfund og var ákveðið á aðalfundinum að skipta strax um endurskoðanda og biðja HLP endurskoðun að einbeita sér að ljúka bókhaldi samtakanna vegna ársins 2021 og stilla upp drögum að ársreikningi og senda hana sem fyrst til nýs endurskoðanda.
- Stjórn samtakanna hefur bókað að skoða þurfi hvort lög um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka snerti samtökin að einhverju leyti.

Meðfylgjandi eru drög að ársreikningi 2021 (fylgiskjal 4).

### Úrlausnarefni:

#### Þér hefur verið falið að:

- Ákvarða mikilvægismörk (e. materiality) og skipulagningar-mikilvægismörk (e. performance materiality) vegna endurskoðunar á ársreikningi 2021. (15 mín.)**
- Framkvæma áhættumat sem tengist endurskoðun á ársreikningi Help fyrir rekstrarárið 2021. Greindu frá því hvort áhættuþættir teljist vera lykiláhættuþættir (e. significant risk) eða verulegir áhættuþættir (e. risk of material misstatement). (55 mín.)**
- Gera drög að endurskoðunarfyrirmælum vegna lykiláhættuþátta með tilvísun í staðhæfingar stjórnenda. (40 mín.)**

*Rökstyddu svarið með tilvísun í lög, reglur, staðla eða önnur gögn eftir því sem við á.*

**Svarið í í excel og/eða word-svarskjali**

## Verkefni 6 – 40 mín.

Sigrún Lárusdóttir, oftast kölluð Sigga Subaru, er fjármálastjóri hjá bílaleigunni Lúxuskerrum hf. Lúxuskerrur eiga 80% í félaginu Jeppaferðir ehf. sem býður upp á afþreyingarferðir fyrir ferðamenn upp á hálandið, og sér Sigga jafnframt um fjármálastjórn þess félags. Reksturinn hafði gengið vel undanfarið, og ákváðu eigendur Lúxuskerra að fjárfesta í félaginu Grettir sterki ehf. sem rekur sögusafn um lifnaðarahætti víkinga til forna. Lúxuskerrur keyptu 30% hlut í Gretti sterka fyrir 30 milljónir og gengu kaupin í gegn 1. júlí 2021.

Við kaupin var bókfært virði eigin fjár í Gretti sterka 70 milljónir og á meðal eignar var fasteign sem bókfærð var á 30 milljónir við kaupin en samkvæmt upplýsingum sem Sigga fékk hjá fasteignasala var gangvirði fasteignarinnar nokkru hærra eða 40 milljónir. Eftirstæður nýtingartími fasteignarinnar var áætlaður 25 ár við kaupin. Að öðru leyti var gangvirði eignar og skulda Grettis sterka við kaupin talið vera jafnt bókfærðu verði þeirra. Á árinu 2021 seldu Jeppaferðir tvær bifreiðar til Lúxuskerra. Söluverðið var 8 milljónir króna en bókfært verð bifreiðanna hjá Jeppaferðum var 4 milljónir á söludegi. Sigga ákvað eftir að hafa ráðfært sig við fasteignasala að rétt væri að færa fasteign í eigu Jeppaferða samkvæmt endurmatsaðferð, en á reikningskiladegi 31.12.2021 var markaðsverð eignarinnar 60 milljónir en bókfært verð 45 milljónir.

Sigga var orðin langþreytt á því að þurfa að greiða bókunarsíðum háar sölubóknanir og hafði því byrjað að þróa sitt eigið sölukerfi. Í ársbyrjun 2021 var sölukerfið tekið í notkun, en fram til þess tíma hafði félagið eignfært alls 20 milljónir við þróun kerfisins. Sigga áætlaði að kerfið myndi nýtast í 8 ár áður en það yrði úrelt.

Á árinu 2021 skiluðu Jeppaferðir 2 milljóna hagnaði á sama tíma og hagnaður Grettis sterka nam 24 milljónum, þar af var 15 milljóna hagnaður á seinni helmingi ársins. Félögin höfðu ekki úthlutað neinum arði vegna rekstrarársins 2020, en Grettir sterki hafði þegar haldið aðalfund þann 1. mars 2022 þar sem samþykkt var tillaga stjórnar um úthlutun arðs að fjárhæð 6 milljónir til hluthafa.

Hagnaður Lúxuskerra nam 54 milljónum á árinu 2021 samkvæmt drögum að ársreikningi sem Sigga kynnti fyrir stjórn í apríl, þar með talin eru áhrif dóttur- og hlutdeildarféлага. Eigendurnir hugsuðu sér gott til glóðarinnar, og spurðu Siggu hversu mikið félaginu væri stætt að úthluta af arði. Sigga vissi af reglum ársreikningalaga um bindingu eigin fjár, en var ekki nógu vel að sér í þeim og treysti sér ekki til að svara eigendunum án þess að ráðfæra sig við endurskoðanda.

Lúxuskerrur beita ársreikningalögum við gerð reikningsskila sinna.

### Úrlausnarefni:

**Sigga leitar því til þín og biður þig um að aðstoð við eftirfarandi:**

- A. Hvaða ákvæði ársreikningalaga þarf Sigga að hafa huga við mat á frjálsum sjóðum til úthlutunar á arði? Vísaðu í einstakar lagagreinar. (10 mín.)**
- B. Hér að neðan hefur Sigga tekið saman stöðu á eiginfjárreikningum Lúxuskerra þann 31.12.2020, en ekki er víst að hún hafi tekið tilliti til allra**

**bundinna sjóða. Stilltu upp eiginfjárreikningum félagsins 31.12.2021 miðað við framangeindar upplýsingar, og sýndu sérstaklega bundið eigið fé og frjálsa sjóði. Taktu tillit til tekjuskattsáhrifa þar sem við á. Tekjuskattur er 20%. (30 mín.)**

<i>Staða á eiginfjárreikningum Lúxuskerra 31.12.2020</i>			
Hlutfé			500.000
Bundin hlutdeild í afkomu dótturfélags			1.000.000
Óráðstafað eigið fé			65.000.000

**Svarið í excel og/eða word-svarskjali**

## Verkefni 7 – 60 mín.

Gæðanefnd GoAudit hefur undirfarin ár haft töluverðar áhyggjur af því að nefndin og stjórnendur endurskoðunarfyrtækisins hafi litla yfirsýn yfir aðra vinnu endurskoðanda en hefðbundna endurskoðun og könnun. Félagið hefur virkt innra gæðaeftirlit með endurskoðunar- og könnunarverkefnum og sérstaka gagnagrunna sem ber að nota við framkvæmd þeirra verkefna. Það sama á ekki við önnur verkefni. Nokkuð stór hluti þjónustu fyrtækisins liggur meðal annars í faglegri aðstoð við gerð ársreiknings og skattskila ásamt ýmsum verkefnum sem starfsmönnum félagsins er falið að vinna. Nýlega var einn af endurskoðendum félagsins leiddur fyrir dóm vegna skaðabótakröfu í tengslum við staðfestingu hans á hlutafjánhækkun þar sem kröfuhafi vildi meina að saknæm háttsemi hefði átt sér stað við hlutafjánhækkunina.

Umræða hefur verið um þessi önnur verkefni í gæðanefndinni og sitt sýnist hverjum um hvort þau heyri undir gæðakerfi GoAudit eða ekki. Sumir telja að svo sé ekki enda sé ekki um staðfestingarverkefni (e. assurance) að ræða á meðan aðrir telja að gæðakerfið þurfi að taka tillit til allra verkefna en þó hugsanlega að teknu tilliti til þeirrar áhættu sem gæti legið í verkefnum.

Gæðastjórinn tók saman dæmi um nokkur algeng verkefni og biður þig um að taka afstöðu til þeirra, þ.e. hvort um sé að ræða staðfestingarverkefni eða annars konar verkefni sem gæðakerfi GoAudit þyrfti að vakta.

### Úrlausnarefni:

**Fjallaðu um ákvæði laga og reglna eftir því sem við á og hvort í gildi séu staðlar um vinnu endurskoðanda vegna eftirtalinna verkefna. Einnig þarf að fjalla um hvaða gögnum endurskoðandi þarf að kalla eftir við úrlausn þessara verkefna og verklag við úrlausnina.**

**A. Staðfesting endurskoðanda á hlutafjánhækkun sem greidd er með peningum og hlutafjánhækkun sem er greidd með öðru en peningum.**

**B. Sérfræðiskýrsla skv. 95. gr. a. laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Um er að ræða skýrslu vegna samnings milli félags og tengds aðila, t.d. um kaup eða sölu á eignarhlutum. Samkvæmt lögum skal skýrslan geyma yfirlýsingu þess efnis að samræmi sé á milli greiðslu félagsins og þess endurgjalds sem félagið fær.**

**C. Skil til Ferðamálastofu. Ferðaskrifstofa biður endurskoðanda um staðfestingu vegna árlegs endurmats á tryggingafjánhæð. Ferðaskrifstofur sem selja pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun eru leyfisskyldar samkvæmt lögum um Ferðamálastofu og skulu vera aðilar að Ferðatryggingasjóði og greiða iðgjald í sjóðinn ásamt tryggingu. Árlega skal fara fram endurmat tryggingafjánhæða og skal ferðaskrifstofan leggja fram gögn, meðal annars staðfestingu löggilts endurskoðanda um að bókhald tryggingaskylds aðila sé fært samkvæmt reglugerð um Ferðatryggingasjóð.**

**D. Endurskoðun á skýrslu um grænt bókhald sbr. reglugerð 851/2002.**

Skv. 10. grein reglugerðarinnar skal endurskoða skýrslu græns bókhalds á sambærilegan hátt og fjárhagsbókhald fyrirtækja. Endurskoðun græns bókhalds skal framkvæmd af aðila sem hefur yfir að ráða þekkingu á sviði framleiðslu- og umhverfismála viðkomandi fyrirtækis þ.m.t. mikilvægum umhverfispáttum í starfseminni. Hann skal ennfremur vera óháður og hlutlaus.

Endurskoðun skýrslu um grænt bókhald fellst í staðfestingu á því að tölur sem gefnar eru upp séu réttar og í samræmi við fjárhagsbókhald fyrirtækisins og þær tölur sem sendar eru þeim aðila sem hefur eftirlit með starfsleyfi vegna mengunarmælinga. Endurskoðandi skýrslu um grænt bókhald skal gera grein fyrir endurskoðun skýrslunnar og staðfesta endurskoðunina með undirritun sinni.

E. Staðfesting á stöðu fjárvörslureikninga sem eru í vörslu lögmanna eða lögmansstofu sbr. eftirfarandi.

<b>Staðfesting löggilts endurskoðanda:</b>	
Varðar	<input type="text"/> <small>(nafn lögmans/lögmansstofu)</small>
Undirritaður löggiltur endurskoðandi kannaði stöðu fjárvörslureiknings/a í banka pr.	<input type="text"/> <small>(dagsetn.)</small>
alls	<input type="text"/> reikning/a og bar saman við bókfærða skuld við viðskiptamenn vegna vörslufjár, sbr. <small>(fjöldi)</small>
3. gr. reglna nr. 1192/2005, um fjárvörslur lögmanna o.fl.	
Undirritaður löggiltur endurskoðandi staðfestir hér með að staða viðkomandi fjárvörslureiknings/a í banka er ekki lægri en staða vörslufjár skv. bókhaldi lögmansins/lögmansstofunnar.	
Aths.	<input type="text"/>
<input type="text"/>	/ <input type="text"/> 2022
<input type="text"/>	, löggiltur endurskoðandi

**Svarið í word-svarskjali**